

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 64/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Gunnari Péturssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Þjófnaður, tilraun. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1993 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu. Fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ákærði krefst sýknu af ákæru um ölvunarakstur í I. kafla ákæru, en að öðru leyti vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Í I. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni V-154 án ökuréttinda og undir áhrifum áfengis frá Framnesvegi að Sólheimum 27 í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 19. apríl 1992. Eins og lýst er í héraðsdómi, viðurkenndi ákærði við yfirsýslu hjá lögreglu eftir hádegi sama dag að hafa verið undir áhrifum áfengis og fíkniefna, þegar hann ók bifreiðinni, en hann hefur aldrei öðlast ökuréttindi. Í skýrslu lögreglunnar er „hugsanleg neysla á fíkniefnum“ talin meðal þess, sem málið varði, en þar kemur fram, að ekki hafi verið að finna neinn áfengisþef af þeim, sem voru handteknir, þar á meðal ákærða. Þegar ákærði kom fyrir dóm 9. desember 1992, sagðist hann ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni. Hann kvaðst hafa verið vakandi þrjá til fjóra sólarhringa samfleytt vegna fíkniefnaneyslu, en kveðst ekki hafa verið í vímu, er hann ók bifreiðinni.

Ákærði var ekki færður til blóðrannsóknar, og ekkert liggur fyrir um magn áfengis eða vímuefna í blóði hans. Lögreglumennirnir, sem handtóku ákærða, og varðstjórinn, sem tók á móti honum á lögreglustöðinni, hafa engar skýrslur gefið í málinu um ástand ákærða, hvorki hjá lögreglu né fyrir dómi. Er ekki nægilega í ljós

leitt, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók umræddri bifreið, og ber að sýkna hann af ákæru fyrir það brot.

Brot ákærða að öðru leyti voru framin af ófyrirleitni, og jafnframt veitti hann lögreglumönnum harða mótspyrnu, er hann var staðinn að verki. Þegar sakaferill ákærða er hafður í huga og með hliðsjón af ákvæðum 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Pétursson, sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnaraun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 15. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-195/1992: Ákærvaldið gegn Gunnari Péturssyni, sem tekið var til dóms 9. desember sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 24. nóvember sl., á hendur ákærða, Gunnari Péturssyni, Öldugötu 41, Hafnarfirði, fæddum 13. desember 1970, fæðingarnúmer 313, fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 19. apríl 1992:

I.

„Fyrir að aka bifreiðinni V-154 án ökuréttinda og undir áhrifum áfengis frá Framnesvegi að Sólheimum 27.

Telst þetta varða við 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Fyrir að reyna að stela útvarpstæki úr mælaborði bifreiðarinnar IV-300 við Sólheima 27 ásamt Karli Jökli Karlssyni, kt. 280671-4449, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 19. apríl sl. kl. 5.45 var lögregla kvödd að Sólheimum 27 vegna mannaferða við bifreiðar, er þar voru. Er lögreglumenn komu á vettvang, sáu þeir þrjá menn í bifreiðinni V-154, en í bifreiðinni IV-300 voru ákærði og Karl Jökull, og lögðu þeir á flótta, en voru fljótlega handsamaðir. Við skoðun á bifreiðinni IV-300 kom í ljós, að reynt hafði verið að stela úr henni útvarpstæki.

Ákærði var færður í fangageymslur lögreglunnar, og í handtökuskýrslu er ástandi hans svo lýst, að hann hafi verið með áfengisáhrifum, en allsgáður af annarri vímu. Ákærði var ekki færður til blóðrannsóknar.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu laust eftir hádegi sama dag, og viðurkenndi hann þá að hafa ekið bifreiðinni V-154 undir áhrifum áfengis og fíkniefna að Sólheimum 27 í þeim tilgangi að stela útvarpi úr bifreið. Kvaðst ákærði hafa verið búinn að drekka vodka eða landa fyrr um nóttina, og jafnframt kvaðst hann hafa verið búinn að reykja hass og „sniffa“ amfetamín skömmu fyrir handtökuna. Þá kvaðst ákærði hafa sprautað sig með svokölluðum „blómafemma“, er ákærði sagði fyrir dómi, að væri ein tegund amfetamíns.

Ákærði kvaðst aldrei hafa hlotið ökuréttindi.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 9. desember sl., og kvað hann ákærana rétta að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni V-154. Kvaðst ákærði hafa verið lengi vakandi, þrjá til fjóra sólarhringa samfleytt, vegna fíkniefnaneyslu, en þó kvaðst hann ekki hafa verið í vímu, er hann ók bifreiðinni.

Niðurstaða.

Ákærði hefur fyrir dómi viljað hverfa frá játningu sinni um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis. Þegar virtur er framburður ákærða hjá lögreglu, sem fær stoð í lýsingu á ástandi hans í handtökuskýrslu, svo og framburður hans fyrir dómi um fíkniefnaneyslu hans undanfarna sólarhringa, þykja ekki fram komin haldbær gögn, er hnekkja eigi játningu hans. Telst því fyllilega sannað, að ákærði hafi ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis. Aðrar sakargiftir á hendur ákærða eru sannaðar með játningu hans og öðrum gögnum málsins.

Brot ákærða eru rétt færð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1987 hlotið tíu dóma fyrir brot gegn 106., 110., 155., 218., 244., 257. og 259. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlögum, aðallega 48. gr. Nemur samanlögð óskil-orðsbundin refsivist hans nú rétt tæpum fimm árum. Auk þessa sættist ákærði á dómsátt árið 1987 fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot og 19. júní sl. fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Hinn 18. mars sl. var ákærða veitt reynslulausn skilorðsbundið í tvö ár á 253 daga eftirstöðvum refsinga. Ákærði rauf skilorð reynslulausnarinnar, og tók Fangelsismálastofnun ríkisins þá ákvörðun, að hann skyldi afplána framangreindar eftirstöðvar, og hóf hann afplánun 24. apríl sl., og lýkur afplánun eftirstöðvanna 2. janúar nk. Kemur því ofangreind reynslulausn ekki til álita í þessu máli.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa hliðsjón af ákvæðum 72., 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 25.000 krónur.

Guðjón Magnússon fulltrúi flutti málið af hálfu ákærvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Pétursson, sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 25.000 krónur.